

Mál nr. 102/2001

M (A og B)

Vátryggingafélagið (V) v. ábyrgðartryggingar fyrirtækisins(S)

Tannbrot v. meints aðskotahlutar í rúgbrauði þ. 12. 8. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.7.5.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1361/00
3. Bréf Björns Þorvaldssonar tannlæknis dags. 20.9.2000, yfirlýsing og reikningur.
4. Bréf Neytendasamtakanna dags. 5.1. og 12.1.2001.
5. Bréf V.h.f. ásamt fskj. nr.1-16.

Málsatvik.

M keyptu seitt rúgbrauð í verslun og þ.12.8. kl. 15.36 braut M/A tönn þegar hún var að borða það og M/B kl.17.07 einnig við að borða rúgbrauðið. M telja að aðskotahlutur eða hlutir hafi verið í rúgbrauðinu. Björn Þorvaldsson tannlæknir segir að báðir M hafi komið til sín þ. 15.8.2000 M/A með brotna miðframtönn vinstra megin í efra gómi og kvarnað út úr næstu tönn en M/B með brotna miðframtönn í neðra góm. M krefjast bóta úr ábyrgðartryggingu S, framleiðanda rúgbrauðsins, hjá V. S segir að M hafi komið til þeirra og sagst hafa bitið í eitthvað hart sem varð til þess að tennur brotnuðu í þeim báðum og hafi þetta verið eins og litlir steinar eða ámóta harðir hlutir. S segir eftirfarandi geta hafa verið fyrir hendi: Skorpan orðin hörð og tennurnar ekki þolað álagið eða ysti hluti brauðsins verið brenndur sem valdi því að seigjan verði mikil. Í bréfi Ríkharðs Pálssonar tannlæknis til V dags. 16.11.2000 segir að hann hafi skoðað röntgenmyndir af M og með vísan til þess megi álykta að tjónstönnin hjá M/B hafi verið mikið viðgerð og lítið álag þolað og einnig virðast framtennur M/A hafa verið mikið viðgerðar og yfirkryndar og e.t.v. með tannhálskaries og álagsveikar. Ríkhaður segir að heilbrigðar tennur eigi ekki að brotna við rúgbrauðsbit þó í skorpu sé. Í bréfi Neytendasamtakanna þ. 5.1.2001 kemur fram að samtökin geymdu í frysti leifar rúgbrauðsins og fóru samtökin fram á það að kannað yrði hvort að aðskotahlutur leyndist í þeim brauðbita sem var í vörslu samtakanna, þá gagnrýna samtökin að engin skuli hafa verið viðstaddur þegar sá bita brauðsins sem S fékk til skoðunar var mulinn niður. V hafnar bótaskyldu og telur að ósannað sé að tjón M verði rakið til skaðlegra eða hættulegra eiginleika framleiðsluvörunnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem S beri skaðabótaábyrgð á. Við skoðun segir V að ekkert athugavert hafi fundist í brauðinu og því ósannað að tjónið verði rakið til aðskotahlutar í brauðinu eða annars ágalla á því. Þá vísar V til 2. mgr. 6.gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.

Álit.

Í bréfi frá Neytendasamtökunum undirrituðu af nokkrum starfsmönnum og öðrum málskostsaðila kemur fram að leifar af rúgbrauði því sem talið er hafa valdið tjóninu hafi verið skoðað og enginn aðskotahlutur fundist í rúgbrauðinu. Með vísan til þess þar sem M hefur ekki tekist að færa sönnur á staðhæfingar sínar um að aðskotahlutur í rúgbrauði hafi valdið tannbroti þeirra er ósannað að tjón M stafi af ágalla á rúgbrauðinu og eiga þau því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 12.6.2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.